



Allt gistiþláss í skálum félagsins er takmarkað frá fyrri heimildum og gerð krafa um andlitsgrímur í skálum.

- Ferðaklúbburinn 4x4 hvetur alla til að fylgja leiðbeiningum almannavarna og landlæknis og huga vel að hreinlæti, sóttvörnum og virða 2ja metra regluna.
- Hámarkskjöldi í rými 35. En börn fædd 2005 og síðar teljast ekki með (sama og gildir á veitingarhúsum).
- Grímuskylda er til staðar (ekki fyrir börn fædd 2005 eða síðar).
- Sóttreinsispritt skal vera til staðar.
- Ferðaklúbburinn 4x4 getur ekki tryggt tvo metra á milli gesta og er það á forræði gesta að tryggja að reglum sé framfylgt.

Ferðaklúbburinn 4x4 leggur sig fram um að tryggja hreinlæti og sóttvarnir í samræmi við tilmæli frá embætti landlæknis og lágmarka þannig smithættu á kórónuveiru eins og hægt er miðað við aðstæður. Skálar félagsins eiga að vera hreinir í upphafi tímabils, auk þess sem nægilegt magn af sóttreinsiúða og spritti verður komið á staðinn.

Gestir eru hvattir til að þrifa skála (borð og wc) með sóttreinsi í upphafi dvalar og að sjálfsögðu þrifa séstaklega vel eftir að dvöl lýkur.

Sá sem pantar skálann er ábyrgur fyrir því að sóttvörnum sé framfylgt.

Gestir eru á eigin ábyrgð í skálum Ferðaklúbbsins 4x4.

Skáli er tekin frá í nafni þess sem pantar og hann er ábyrgur fyrir að gefa upp fjölda aðila og að ekki sé verið að fara yfir fjöldatakmarkanir. Hann er því húsráðandi og tekur ákvarðanir hvort leyft er að nýta aðstöðu eins og wc. Þá þarf að passa að fjöldi fari ekki umfram hámarksfjölda.

Samþykkt á formannafundi 18/2/2021 og gilda þar til nýjar sóttvarnareglur taka gildi.